



# STARFSÁÆTLUN MOLINN UNGMENNAHÚS KÓPAVOGS 2020-2021

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Andri Lefever  
andri@kopavogur.is

## 1. Hagnýtar upplýsingar

Molinn ungmennahús veitir fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að rækta hæfileika sína og koma hugmyndum og nýsköpunarverkefnum í framkvæmd. Molinn er miðstöð ungs fólks í Kópavogi og starfsemin endurspeglar menningu þeirra á hverjum tíma. Í Molanum fær ungt fólk tækifæri til að mynda félagsleg tengsl og safna félagsauði til undirbúnings fyrir fjölmörg hlutverk í lífinu, s.s. með öflun reynslu á sviði lista- og menningar, skapandi starfa og með þátttöku í hópastarfi. Innan Molans er hægt að nálgast upplýsingar og fá ráðgjöf og stuðning um andleg, líkamleg, félagsleg og lífstengd málefni, sem eru veitt í samstarfi við aðrar stofnanir bæjarfélagsins, fagaðila og félagasamtök. Molinn er einnig vettvangur fyrir ráðgjöf tengda námi, atvinnu, starfsþjálfun og fjármálum.

### Starfssemi Molans má skipta í fernt:

Í fyrsta lagi má nefna menningarlega viðburði. Ungmennahúsið býður upp á aðstöðu fyrir alls konar listir til að blómstra, má þar nefna tónlist, myndlist, leiklist og ritlist. Hugmyndin er að þar geti ungt fólk bæði stundað sínar listir og nýtt sér aðstöðuna til að flytja afrakstur sinn og koma sér á framfæri. Í húsinu er myndlistargallerí þar sem ungir listamenn geta sýnt verk sín en einnig er aðstaða í húsinu til ýmis konar útgáfu, svo sem umbrotsforrit og myndvinnsluforrit og tæki til hljóðvinnslu sem nýta má til framleiðslu á stuttmyndum, bæklingum, blöðum, tónlist og fleiru. Í húsinu er svið, hljóðkerfi og ljósabúnaður sem nýtist tónlistarfólki bæði til æfinga og tónleikahalds.

Í öðru lagi er ungmennahúsið félagslegur staður. Um er að ræða vímuefnalaust umhverfi þar sem hægt er að kaupa veitingar, hitta vini og lesa bækur og blöð. Ungmennni hafa aðgang að fagfólki sem tekur þátt í samræðum með það að markmiði að miðla reynslu sinni og þekkingu á uppbyggilegan hátt. Horft er á sjónvarpsþætti, kvikmyndir og íþróttaviðburði og annað sem nýta má til að efla félagslegan þroska.

Í þriðja lagi er ýmis þjónusta í boði fyrir ungt fólk. Hægt er að bjóða upp á margs konar námskeið og fyrirlestra sem nýtast bæði ungmennum og foreldrum þeirra. Ekki má gleyma möguleikum í verkefnum erlendis þar sem Molinn hefur milligöngu í fjölbreyttum ungmennaskiptaverkefnum og námskeiðum.

Í fjórða og síðasta lagi er staðið að margs kyns fræðslu og forvarnarstarfi. Unnið er með fyrsta og annars stigs forvarnir. Fyrsta stigið verandi eiginlegar forvarnir þar sem unnið er að því að koma í veg fyrir neysluna, áður en hún hefst. Á þessu stigi felst forvarnastarfið í fræðslu en ekki síður í því að bjóða uppá vímulaust umhverfi þar sem ungmenni koma saman. Í öðru stigi forvarna er fengist við íhlutun. Hér er sértækum forvörnum beitt. Fólk er hjálpað að hætta neyslu áður en hún veldur alvarlegum skaða. Hlutverk ungmennahússins og starfsfólki þess er að hjálpa viðkomandi að fá aðstoð við vandamálum sínum.

Molinn er til húsa að Hábraut 2 í Kópavogi. Hægt er að hafa samband símleiðis í 441-9290 eða með því að senda tölvupóst á [molinn@molinn.is](mailto:molinn@molinn.is). Einnig er hægt að hafa samband í gegnum samfélagsmiðla eins og facebook og instagram. Vetrarstarf Molans er frá byrjun september til lok maí ár hvert.

### Opnunartímar Molans eru eftirfarandi:

Mánudagar 14.00-22.00

Þriðjudagar 14.00-22.00

Miðvikudagar 14.00-22.00

Fimmtudagar 14.00-23.00

Þess má geta að húsið er notað töluvert utan auglýstra opnunartíma fyrir hópa, fundi, æfingar eða annað.

Starfsemin er miðuð að ungmennum á aldrinum 16-25 ára en einstaka viðburðir og verkefni geta hentað öðrum aldurshópum.

## 2. Starfið í vetur

Í vetur verður lögð áhersla á fjölbreytni bæði í okkar almenna opna starfi sem og í smiðjum/hópastarfi. Í Molanum á öllum að líða vel og finna fyrir því að starfsfólki er annt um hagi þeirra og líðan.

Alltaf þegar Molinn er opinn geta ungmenni gengið að fjölbreyttri afþreyingu, flottri aðstöðu, góðum tækjum og tólum sem og faglegu starfsfólki.

### Áhersla á 10. bekk og yngstu nemendur MK

Mikilvægt er að stuðla betur að samfelli milli félagsmiðstöðva og Molans. Auk þess að halda opnanir og viðburði sérstaklega fyrir 10. bekk ætlum við að þróa áfram samstarfsverkefni á borð við skíðaferð og útvistarhóp. Starfmenn og ungmenni frá Molanum munu taka þátt í þessum verkefnum með það að markmiði að 10. bekkingar uppgötvu möguleika sem Molinn hefur upp á að bjóða. Þannig munu 10. bekkingar sjá að þeir geti tekið þátt í viðburðum sem þeir þekkja í starfi félagsmiðstöðvanna eftir að grunnskóla lýkur, sem þátttakendur í starfi Molans. Lögð verður áhersla á að nemendur MK verði sérstaklega hvattir til að nýta sér Molann. Allir nýnemar munu fá kynningu á starfseminni og nemendafélagið hvatt til og aðstoðað við að halda viðburði í Molanum.

### Valáfangar

Í vetur munu nokkrir nemendur í 10. bekk Smáraskóla vera í valáfanga sem kenndur verður hér í Molanum og ber yfirskriftina Ungmennahúsaval. Nemendur kynnst starfsemi ungmennahúsa og þá sérstaklega Molanum. Nemendur fá tækifæri til að skipuleggja og taka þátt í starfsemi Molans og öðlast ákveðna þekkingu og reynslu sem nýtist þeim áfram eftir að grunnskólagöngu lýkur.

### Samstarf við félagsmiðstöðvar í Kópavogi

Forstöðumaður Molans fundar reglulega með forstöðumönnum félagsmiðstöðvanna. Mikilvægt er að unnið sé að því að ungmenni í bænum viti af þjónustu sem er í boði og því lögð áhersla á að 10. bekkingar komi í Molann a.m.k. einu sinni yfir veturinn. Þar að auki verða sérstakar opnanir fyrir 10. bekkinga sem og viðburðir eins og skíðaferð þar sem starfsemi félagsmiðstöðva og ungmennahúss skarast. Stúdíóið er vinsælt í kringum árshátíðir og unglingum boðið að nýta sér það.

### Samstarf við MK

Forstöðumaður er í reglulegum samskiptum við tómstundafræðing og forvarnafulltrúa MK. Allir nýnemar munu koma í heimsókn í Molann á skólatíma og kynnst starfseminni. Þar að auki verður

upplýsingabréf sent á alla forráðamenn yngstu nemendanna. Nemendafélagið og aðrir áhugsamir verða hvattir til að nýta sér aðstöðuna fyrir viðburði eða aðra hittinga.

### **Samstarf við aðra aðila**

Reglulega koma upp samstarfsmöguleikar við ýmsa aðila. Molinn er virkur í starfsemi Samfés, á fulltrúa í ráði Samfés+ og fundar reglulega með öðrum ungmennahúsum. Eins er stöðugt verið að skoða samstarfsfleti við menningarstofnanir bæjarins sem og velferðasviðið.

### **Viðburðir í vetur**

- Viðburðir á vegum Molans eru t.d. tónleikar, lokahóf Skapandi sumarstarfa, Lan-helgar, Safnanótt, gallerí göng, listasýningar, ungmennahúsavaliðburðir, laugardagsopnanir, halloween, aðventa, pup quiz, fyrirlestrar og fræðsla.

### **Viðburðir í Molanum í vetur**

- Fyrirlestrar/fræðsluerindi/námskeið. Boðið verður upp á fyrirlestra, fræðsluerindi og námskeið í vetur.
- Tónleikar. Í Molanum er góð aðstaða til tónleikahalds. Haldnir eru tónleikar reglulega yfir veturinn.
- Forvarnavikan – fyrirlestur/fræðsla. Liður í forvarnaviku frístundadeildar Kópavogs.
- LAN. Algengt er að hópar nýti aðstöðu Molans til að hittast og spila tölvuleiki. Vetrarfrí, jóla- og páskafrí eru sérstaklega hentug fyrir þessar samkomur.
- Laugardagsopnanir. Sérstakar opnanir eru haldnar á laugardögum 3x-4x sinnum yfir veturinn.
- Halloween. Brjótum upp haustið með skemmtilegri hefð. Molinn skreyttur og sérstök dagskrá skipulögð.
- Aðventa. Uppbrot á hefðbundnu starfi. Sérstök stemming.
- Listasýningar. Reglulega nýtir ungt fólk aðstöðu Molans til að koma list sinni á framfæri.

- Pubquiz. Vinsæll dagskrárliður sem haldinn er 2x-3x yfir veturinn.
- Safnanótt í febrúar.
- Morfís. Vinsælt er að halda æfingakeppnir í Molanum.
- Landsþing ungmennahúsa. Árlegur viðburður á vegum Samfés. U.þ.b. 5 ungmenni taka þátt fyrir hönd Molans og hitta ungmenni til að skiptast á þekkingu og öðlast reynslu.
- Skíða og snjóþettaferð í mars.
- Músíktílaunir. Ungt tónlistarfólk er hvatt til þátttöku á hverju ári. Haldnir eru tónleikar í Molanum þar sem fólk getur æft sig í að koma fram áður en farið er í Hörpu.
- Sameiginlegir viðburðir ungmennahúsa. Studionámskeið, menningarferð.
- Viðburðir í samvinnu við félagsmiðstöðvarnar. Kynningar 10. bekk, skíðaferð, útivistarhópur.
- Viðburðir í samvinnu við Samfés: rafíþróttamót, ungmennahúsavikan, starfsdagar samfés, landsþing ungmennahúsa.

### 3. Hópastarf

Stór hluti starfsemi Molans flokkast undir opið frístundastarf. Þá er átt við starf þar sem öll ungmenni á aldrinum 16-25 ára er velkomið að taka þátt. Ekki þarf að skrá sig eða fá boð um þátttöku og þátttakendur hafa mikil áhrif á hvað er gert hverju sinni.

Í Molanum er einnig áhersla á hópastarf. Þá er unnið með ákveðna hóp að ákveðnum verkefnum og markmiðun. Þessir hópar geta verið mjög fjölbreyttir, mis fjölmennir og byggðir upp með mismunandi hætti. Í sumum tilfellum má flokka hópastarfið sem sértækt hópastarf. Þá eru einn eða fleiri þátttakendur starfsins hvattir sérstaklega til að taka þátt. Ástæður geta verið fjölbreyttar og flóknar en markmiðið er alltaf að auka á einhvern hátt lífsgæði. Styrkja fólk félagslega, hafa áhrif á skoðanir og ákvarðanatöku eða hreinlega kæta og bæta.

Stefna Kópavogsbæjar til ársins 2030 hefur sett sér 36 yfirmarkmið fyrir starfsemi sína sem eru hluti af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Horft er til þessara markmiða við skipulag á starfi Molans. Sérstaklega er horft til eftirfarandi markmiða:

- 3 Heilsa og vellíðan
- 4 Menntun fyrir alla
- 5 Jafnrétti kynjanna
- 8 Góð atvinna og hagvöxtur
- 9 Nýsköpun og uppbygging
- 10 Aukinn jöfnuður
- 11 Sjálfbærar borgir og samfélög
- 16 Friður og Réttlæti
- 17 Samvinna um markmiðin

#### Hópar í Molanum haust 2021

- Ísmolar. Skipulagt frístundastarffyrir fötluð ungmenni. Ísmolarnir hittast alla miðvikudaga frá kl. 18:00–20:00 í Molanum. Markmiðið er að gera skemmtilega hluti og virkja þátttakendur í félagslegu og öruggu umhverfi. Dagskrá hópsins er fjölbreytt, allt frá því að fara á kaffihús, í sund og bíó, í að mála, föndra og spila í Molanum. (Heimsmarkmið: 3, 4, 10, 16).
- Listahópur Molans hittist vikulega. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um þekkingu eða kunnáttu til þess að vera með. Þátttakendur geti unnið að hvaða listformi sem er s.s. teikningar, skissur, málun, skapalónsgerð eða vídeóverk. Starfsmenn Molans halda utan um hópinn og vinna markvist með honum hverju sinni. Hugmyndin er einnig að fá inn leiðbeinendur sem kenna atriði í myndlist. Farið verður í skoðunarferðir á listasöfn á höfuðborgarsvæðinu og horft á listrænar heimildamyndir. Þeim möguleika er haldið opnum að í lok hópastarfsins sé haldin listasýning og afrakstur vetrarins sýndur. Það helst þó í hendur með hvernig hópurinn er samsettur og hvort vilji sé hjá þátttakendum til að sýna. Þátttakendum er heimilt að koma hvenær sem er í Molann og vinna að listrænum verkefnum sínum. (Heimsmarkmið: 8, 9, 11).
- Kvikmyndaklúbbur. Hittist vikulega. Meðlimir hópsins skiptast á að velja kvikmynd. Oftast verða gamlar eða minna þekktar myndir fyrir valinu. Í lokin myndast umræður um myndirnar sem geta þróast í margar áttir.

- Gettubetur. Lið MK í Gettu betur æfir í Molanum. Um er að ræða 5-8 manna hóp sem bæði æfir og fræðist. Hópurinn býður öðrum að taka þátt í spurningaleikjum og keppnum og nýtir sér Molann í pásam.
- Spilahópur. Starfræktur verður sérstakur spilahópur sem hittist 2x-3x í mánuði. Hópurinn vinnur að því að skapa og spila ævintýra- og hlutverkaspil. Markmiðið að virkja félagslegan þátt, samskipti og að vinna saman sem hópur. (Heimsmarkmið: 3, 4, 9, 16).
- Matgæðingarnir. Hópur áhugafólks um matseld. Brasað í eldhúsi og umræður um mat. Á stefnuskránni: Vegankvöld, súpur er líka matur, pylsugerð, þemakvöld. Mun hittast 1x-2x í mánuði. (Heimsmarkmið: 3, 4, 8, 9, 11).
- Handverk. Læra nýtt handverk ss. saum, prjón, hekl, tálgun. Molinn kemur sér upp kassa með öllu í þetta sem megi ganga í. Uppskriftir/Garn/Nálar/Prjóna/Útsaumsefni, tálgunarhnífa ofl. Ekki verður horft á sjónvarp á meðan, hlustað á góð hlaðvörp/tónlist eða spjallað. (Heimsmarkmið: 4, 8, 9, 11).
- Eldpipar og súrsun. „Hot-sauce“ sósugerð, gerjun og súrsun. Þátttakendur kynnst, læra að smakka, vinna með og elda góðgæti sem notið hefur aukinna vinsælda undanfarið. Skoða gerjunar- og súrsunaraðferðir formæðra og prófa sig áfram. Gerja og súrsa allskyns mat og gera tilraunir. Elda og gera úr afurðunum. Hægt að fá fagmann til að koma og gera eitthvað með á einhverjum tímapunkti. (Heimsmarkmið: 4, 8, 9, 11).
- Bókaklúbbur. Lesa samtímabókmenntir, feminískar bókmenntir og klassískar íslenskar bókmenntir. Hist einu sinni í mánuði/annan hvern mánuð og rætt um bókina sem er verið að lesa. (Lítill lestur í hverjum mánuði til að byrja með). Hvatning til að lesa meira og einhverskonar heimspekilegar/bókmenntalegar umræður skapist. Tækifæri til að deila sameiginlega reynslu og endurspeglun samfélagsins. Hugmynd að fyrstu bók Kvika eftir Þóru Hjörleifs. (stutt og auðlesin bók) sem fjallar um nán sambönd, samanburð, ofbeldi og er ramm feminísk. (Heimsmarkmið: 3, 4, 5, 10, 16)

## Sumarstarf Molans

### Skapandi sumarstörf

Ár hvert gefst ungu hæfileikafólki að vinna að eigin verkefnum í Molanum í sumar. Kópavogsbær hefur undanfarin ár gert ungmennum bæjarins kleift að vinna að listum sínum og miðla til annara.

Um er að ræða fjölbreytt og ólík verkefni sem þó hafa það sameiginlegt að vera hugarfóstur ungra Kópavogsbúa sem langar til að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni.

Á hverju ári sækir fjölbreyttur hópur fólks um starf, td. leikarar, tónlistarfólk, hönnuðir, ljósmyndarar, dansarar, skáld o. fl. Þessir hópar og einstaklingar skipuleggja uppákomur í bænum yfir sumartímann og taka þátt í hátíðarhöldum á 17. júní.

#### Vegglistaverkefni Molans

Undanfarin ár hafa 4-6 einstaklingar verið ráðnir til starfa á svipaðan hátt og í skapandi sumarstörfum en þó með skilgreint verkefni. Þessi hópur vinnur að því að skreyta vegg viðsvegar um bæinn með myndlistaverkum. Einstaklingarnir eru með mismunandi bakgrunn og stíla en í Molanum fá þau tækifæri til að nýta hæfileika sína til að fegra vegg og undirgöng undir leiðsögn.

Sumarstarfinu lýkur svo með uppskeruhátíð í lok júlí þar sem allir þátttakendur sýna afrakstur sumarsins á einn eða annan hátt.

### 4. Ráðgjafi í málefnum ungmenna við Molann

Eftir stefnumótunarvinnu sem fram fór árið 2019 og 2020 var tekin ákvörðun um að þróa þjónustu við ungmenni til að styðja enn frekar við stefnu og markmið bæjarins í málefnum ungmenna. Áhersla skyldi lögð á að gefa röddum ungmenna vægi í starfsemi Molans, hlusta á raddir þeirra og bregðast við í samræmi, tryggja þeim jöfn tækifæri og styrkja þau og efla til þroska og þátttöku í samfélaginu. Um er að ræða nýtt starf í þjónustu við ungmenni þar sem tækifæri er til að móta og þróa í samvinnu við aðra starfsmenn ungmennahússins og yfirmenn málaflokksins. Stefnt er að því að þessi nýi starfsmaður hefji störf í nóvember, en í síðasta lagi í janúar.

### 5. Ráð ungmenna

#### Húsráð Molans

Húsráð Molans hittist mánaðarlega og er opið öllum sem vilja taka þátt í móta starfssemi Molans. Húsráðið skipuleggur dagskrá Molans og stýrir áherslum í starfi Molans. Þar er unnið að eflingu á lýðræðislegum vinnubrögðum. Húsráðið sér einnig um að koma að innkaupum fyrir Molann. Húsráð Molans er opið ráð og því öllum áhugasömum velkomið að taka þátt. Reglulega eru ákveðnir aðilar

hvatir til að taka þátt, þá sérstaklega aðilar sem talið er að geti haft jákvæð áhrif á ráðið, sem og aðilar sem gætu haft gott af því að taka þátt í svona vinnu.

### Fulltrúaráð Samfés+

Ungmennaráð SamfésPlús var stofnað formlega 16. mars 2019 af frumkvæði ungs fólks eftir Landsþing ungmennahúsa sem haldið var í Mosfellsbæ. Á stofnfundi, sem haldin var í Ungmennahúsinu Hamrinum í Hafnarfirði, komu saman fulltrúar ungmennahúsa víðsvegar að af landinu til að ræða tilgang og helstu markmið ráðsins. Fulltrúar ungmennahúsa geta boðið sig fram til setu í ungmennaráðinu á árlegu Landsþingi SamfésPlús. Öll ungmennahúsin á landinu eiga þáttökurétt á Landsþinginu og geta boðið tvo fulltrúa sína í Ungmennaráð SamfésPlús. Ungmennaráðið starfar á landsvísu og geta fulltrúar í ráðinu verið alls staðar að af landinu. Fulltrúar eru á aldrinum 17-25 ára. Ungmennaráð SamfésPlús hittist 10-12 sinnum yfir veturinn og er allur ferða- og fundarkostnaður ungmennaráðsins greiddur af Samfés. Ungmennaráð hefur tvo fulltrúa með fullan tillögu og atkvæðisrétt á stjórnarfundum Samfés ásamt því að eiga tvo fulltrúa á Aðalfundi Samfés. Ungmennaráð SamfésPlús heldur utan um Landsþing SamfésPlús og tekur virkan þátt í verkefnum og ákvarðanatöku í málefnum samtakanna. Fulltrúar ráðsins fá tækifæri til þess að koma fram og sitja á ráðstefnum og fundum um málefni tengd ungmennum og æskulýðsmálum hér á landi og erlendis.

Tilgangur og markmið ráðsins er að:

- Koma að og halda utan um viðburði á vegum Samfés og Samfésplús.
- Efla þátttöku ungmennahúsa í félagsstarfi.
- Passa upp á að rödd ungmenna heyrir í samfélaginu.
- Auka fræðslu sem skiptir máli hverju sinni.
- Efla samstarf og samtal beggja ungmennaráða Samfés.
- Passa að rödd ungmenna heyrir í samfélaginu og berist ráðamönnum.
- Skipuleggja og halda árlegt landsþing.
- Tryggja að fulltrúar frá öllum ungmennahúsum mæti á fundi UUS.
- Grípa til aðgerða í málefnum ungmennahúsa.
- Hvetja til stofnunar ungmennahúsa ef þau eru ekki í sveitarfélaginu.

### Ungmennaráð Kópavogs

Molinn á fjóra fulltrúa í ungmennaráði Kópavogs. Ráðið heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað 15 fulltrúum. Hlutverk ungmennaráðs Kópavogs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í

Kópavogi. Ungmennaráð sé einnig Bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

### **Verkefni/viðburðir er snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum**

Í okkar starfi er lýðræði haft að leiðarljós og vinna í anda barnasáttmálans. Enn sem komið er eru ekki nein sérstök verkefni sem snúa að Barnasáttmálanum eða heimsmarkmiðunum. En við höfum hafið kortlagningu á starfi ungmennahúss í tengslum við heimsmarkmiðin og munum taka vinnuna áfram með húsráði Molans og stefnum af því í vetur að byrja einhverja vinnu tengt þessu.

### **Móttaka nýs starfsfólks**

Við móttöku á nýju starfsfólki er farið yfir öll atriði sem varða starfssemi ungmennahússins. Hvers sé ætlast til af þeim o.s.frv. Starfsmaður skrifar undir ráðningarsamning, þagnarheit, upplýsingaöflun úr sakaskrá og umsókn um aðgang að upplýsingakerfum bæjarins. Farið er yfir hvernig við göngum frá eftir hverja vakt og hvað þarf að athuga áður en gengið er út úr húsi. Starfsmanni er afhent handbók Molans til að lesa og kynna sér starf ungmennahússins.

## **9. Verkferlar**

Fylgja skal öryggisverkferlum og rýmingaráætlun sem finna má í handbók Molans. Einnig styðjast skal við eftirfarandi:

- Neyðaráætlun  
Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna  
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira
- Öryggisgátlisti  
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Handbók um starfið  
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.
- Rýmingaráætlun  
Forstöðumaður fer yfir rýmingaráætlun með starfsfólki að hausti sem er að finna í handbók Molans.
- Gátlistar vegna sértæks hópastarfs  
Móttaka nemanda með annað móðurmál en íslensku og gátlisti vegna eineltis.

## 10. Innra mat

Þegar kemur að innra mati er litið svo á að húsráðið sem skipað er bæði ungmennum og starfsfólki hafi ákveðið rýnihlutverk. Stuðst er við fundargerðir húsráðsins en þar eru tilteknar væntingar til starfseminnar og mikilvægt að fara yfir og sjá hvernig tekist hefur til við að uppfylla óskir ráðsins og meta starfið. Þar að auki er setur starfsfólk ungmennahússins sér markmið fyrir hvern vetur. Mikilvægt er að þessi markmið séu raunhæf og mælanleg. Haldið eru utan fjöldataölur/heimsóknir í Molann til að sjá aðsóknina.

## 11. Símenntun

Fræðslunámskeið er haldið í upphafi starfsárs ásamt starsfmannafraeðslum yfir starfsárið sem allir starfsmenn félagsmiðstöðva býðst að mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna og ungmennahúss um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirletra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Erasmus+ býður upp á fjölmörg tækifæri til símenntunar í formi ráðstefna og námskeiða sem starfsfólk Molans er hvatt til að nýta sér.

### Símenntunaráætlun

| Fræðsluerindi                       | Dagsetning       | Efni                                                                                                                                                   |
|-------------------------------------|------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Að vera starfsmaður í félagsmiðstöð | 1.og 3.september | Leiðtogar, fyrirmynd og gleði í frístundastarfi/Hinsegin /Kynsegin fræðsla                                                                             |
| Skyndihjálp                         | 20. september    | Skyndihjálp, áhersla á ungt fólk og viðbrögð við kvíða og annarri vanlíðan.                                                                            |
| Klám og „sexting“                   | 1.nóvember       | Umfjöllun um stafrænt kynferðisofbeldi og umfang kynferðislegra myndsendinga meðal barna.                                                              |
| Lærdómsfundur                       | 2.febrúar        | Kynning á BA verkefnum starfsmanna félagsmiðstöðva, verkefnum sem hafa fengið tilnefningu í Kópinn, Forvarnarsjóð Kópavogs og Hvatningaverðlaun Samfés |
| Skipulagsdagur hlutastarfsmanna     | 4.maí            | Hlutastarfsmenn félagsmiðstöðva koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi                                                                       |

|  |  |                                                                    |
|--|--|--------------------------------------------------------------------|
|  |  | fyrir næsta starfsár í samtali við deildarstjóra frístundadeildar. |
|--|--|--------------------------------------------------------------------|

#### Fræðsluáætlun félagsmiðstöðva í Kópavogi

|                                                                       |                  |
|-----------------------------------------------------------------------|------------------|
| Fræðsluerindi                                                         | Mánuður          |
| Orkudrykkir                                                           | september        |
| Sexting /Hinsegin fræðsla                                             | október          |
| Unglingar gegn ofbeldi                                                | nóvember         |
| Örugg Saman                                                           | janúar           |
| Fjölbreytnin auðgar (vinna með fjölmenningu í starfi félagsmiðstöðva) | janúar – febrúar |
| Jafningjafræðsla Velkomin                                             | janúar-febrúar   |

## 12. Fjöldatölur

### Aðsókn 2020-2021

|     |       |
|-----|-------|
| Sep | 692   |
| Okt | covid |
| Nóv | covid |
| Des | 267   |
| Jan | 667   |
| Feb | 712   |
| Mar | covid |
| Apr | 252   |
| Maí | 431   |
| Jún | 2631  |
| Júl | 2017  |
| Ágú | 773   |

## Starfsfólk

Andri Þór Lefever - Forstöðumaður

Árni Thor Guðmundsson - Frístundaleiðbeinandi

Anna Kristín Gísladóttir – Frístundaleiðbeinandi

Óráðin – ráðgjafi í málefnum ungmenna

Að auki verða 3-4 tímavinnustarfsmenn